



Reykjavíkurborg

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Skjalasafn
Faxaflóahafna sf.

21. ÁGÚ. 2015

Mótt.:

GG

Bréfalykill:

0.0

Reykjavík, 18. ágúst 2015

R15020155

Faxaflóahafnir sf.
Gísli Gíslason hafnarstjóri
Tryggvagata 17 - 101 Reykjavík

Siðareglur dótturfyrirtækja - Faxaflóahafnir sf.

Á fundi borgarstjórnar dags. 13. maí 2014 var samþykkt að vísa 44 ábendingum sem fram koma í skýrslu Innri endurskoðunar um mat á eftirlitsumhverfi 2014 (sjá http://reykjavik.is/sites/default/files/ie14010008_-_mat_a_eftirlitsumhverfinu_2014.pdf) til frekari skoðunar og úrvinnslu undir stjórn borgarritara og er unnið úr þeim jafnt og þétt. Ábending nr. 8 á bls. 8 í skýrslu Innri endurskoðunar varðar siðareglur dótturfyrirtækja og er svohljóðandi:

Stjórnir dótturfyrirtækja ættu að útbúa innri siðareglur sem eigi við um fyrirtækin jafnt sem dótturfélög þeirra og upplýsa hvernig þeim skuli fylgt

Óskað er upplýsinga um hvort Faxaflóahöfnum sf. hafi verið settar siðareglur og hvort þær nái einnig til dótturfélaga. Jafnframt er óskað upplýsinga um hvernig þeim sé fylgt eftir. Þá er á það bent að rétt sé að setja ákvæði um siðareglur í eigendastefnu eða sameignarfélagssamning Faxaflóahafna við næstu endurskoðun hafi það ekki verið gert. Þá ber að geta þess að siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga gaf út rit til leiðbeiningar varðandi gerð siðareglna og hlutverk siðanefnda sem rétt er að hafa til hliðsjónar við gerð og endurskoðun siðareglna (sjá <http://www.samband.is/verkefnin/stjornsysla-sveitarfelaga/sidamal/>). Undirrituð óskar eftir ofangreindum upplýsingum innan 21 daga frá móttöku þessa bréfs.

Ellý Katrín Guðmundsdóttir
borgarritari